

SAMSTARFSSAMNINGUR

milli sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Bergsins Headspace

Samningsaðilar

Akureyrarbær, kt. 410169-6229

Dalvíkurbyggð, kt. 620598-2089

Eyjafjarðarsveit, kt. 510694-2289

Fjallabyggð, kt. 580706-0880

Grýtubakkahreppur, kt. 580169-2039

Hörgársveit, kt. 640169-2039

Langesbyggð, kt. 670407-0430

Norðurþing, kt. 610169-3439

Svalbarðsstrandarhreppur, kt. 660169-2039

Pingeyjarsveit, kt. 510694-2289

og

Bergið Headspace, kt. 431018-0200,

gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr. Markmið samnings

Markmið samnings þessa er að:

- efla aðgengi ungs fólks að stuðningi og ráðgjöf,
- þróa og styrkja lágþröskulda geðheilbrigðisþjónustu á Norðurlandi eystra,
- stuðla að snemmtækri íhlutun og forvörnum, og
- mæta þörfum ungs fólks á svæðinu með aðgengilegri og faglegri þjónustu.

2. gr. Þjónusta Bergsins Headspace

Bergið Headspace veitir stuðnings- og ráðgjafþjónustu fyrir ungt fólk á aldrinum 12–25 ára. Þjónustan er aðgengileg, án skilyrða og án endurgjalds.

Ungmenni og aðstandendur þeirra geta óskað eftir þjónustu í gegnum heimasíðu Bergsins (www.bergid.is), símleiðis eða með tölvupósti.

Þjónustan á Norðurlandi eystra felur m.a. í sér:

- Reglubundna starfsemi á Akureyri, að jafnaði þrjú daga í viku,
- Mánaðarlega viðveru á Ólafsfirði, Húsavík og Grenivík,
- Viðvera og fræðsla á Þórshöfn að lágmarki tvisvar á ári
- aðgengi að fjarþjónustu eftir þörfum.

Ráðgjafar Bergsins veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf með það að markmiði að bæta líðan ungmenna og efla virkni þeirra í námi, starfi og samfélagi. Bergið Headspace starfar í samstarfi við önnur úrræði eftir þörfum og styður ungmenni við að tengjast viðeigandi þjónustu. Allir ráðgjafar hafa viðeigandi fagmenntun og reynslu. Bergið skuldbindur sig til að ráða, þjálfa og handleiða starfsfólk sem sinnir þjónustunni.

Upplýsingar um þjónustuna eru skráðar í málaskrá (KaraConnect) í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Bergið annast kynningu og markaðssetningu þjónustunnar í samráði við sveitarfélögin.

3. gr. Framlag sveitarfélaga

Framlag sveitarfélaganna samkvæmt samningi þessum felur í sér eftirfarandi:

Akureyrarbær leggur til húsnæði fyrir starfsemi Bergsins á svæðinu og er það metið sem hluti af framlagi Akureyrarbæjar í heildarkostnaðinum (sjá viðauka 1). Bergið hefur aðgang að sérstöku rými og sameiginlegri aðstöðu í samráði við Akureyrarbæ.

Önnur sveitarfélög sem njóta þjónustunnar leggja til aðstöðu fyrir tímabundna þjónustu, eftir því sem við á.

Innifalið í húsnæðisframlagi eru afnot að almennri aðstöðu, svo sem síma, interneti, fundar- og kaffiaðstöðu, eftir því sem við á.

Auk þess leggja sveitarfélögin fram fjárframlag til Bergsins á samningstímanum. Skipting fjárframlaga milli sveitarfélaga skal skilgreind í viðauka 1 við samning þennan.

Greiðslur skulu inntar af hendi árlega þann 1. september fyrir tímabilið 1. júlí til 30. júní.

4. gr. Eftirlit og árangursmat

Hvert sveitarfélag tilnefnir tengilið vegna samningsins.

Framkvæmdastjóri Bergsins og tengiliðir sveitarfélaga funda að lágmarki tvisvar sinnum á ári um stöðu þjónustunnar og þróun hennar. Bergið skal skila ársskýrslu um starfsemina, þar sem fram koma upplýsingar um aðsókn á hverjum stað og helstu mælikvarða, eigi síðar en 1. mars ár hvert.

5. gr. Samstarf

Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna saman að því að efla og þróa þjónustu við ungt fólk á Norðurlandi eystra. Aðilar skulu leitast við að tryggja samfellu, gæði og aðgengi þjónustunnar með það að markmiði að hún verði aðgengileg til lengri tíma.

6. gr. Uppsögn og breytingar

Hver samningsaðili (þ.e.a.s. hvert sveitarfélag) um sig getur sagt samningnum upp með þriggja mánaða skriflegum fyrirvara. Uppsagnarfrestur hefst fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst gagnaðila. Breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar og samþykktar af báðum samningsaðilum. Óheimilt er að framselja samning þennan til þriðja aðila án samþykkis gagnaðila.

7. gr. Vanefndir og riftun

Komi til ágreinings um efni samningsins eða ef annar samningsaðili telur samninginn vanefndan, skulu aðilar leitast við að leysa málið í sameiningu.

Telji aðili verulegar vanefndir fyrir hendi er honum heimilt að rifta samningnum án fyrirvara, enda hafi gagnaðila áður verið gefinn kostur á að bæta úr vanefndum innan hæfilegs frests.

8. gr. Ágreiningsmál

Ágreiningur sem kann að rísa vegna samnings þessa skal rekinn fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. júlí 2026 til og með 30. júní 2029.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Eldri samningur milli Akureyrarbæjar og Bergsins fellur þar með úr gildi frá og með 30. júní 2026.

Viðauki 1

Greiðsluskipting sveitarfélaga innan SSNE.

	1.7.2026-30.6.2027	1.7.2027-30.6.2028	1.7.2028-30.6.2029
Akureyrarbær*	2.070.000	2.385.969	2.700.527
Dalvíkurbyggð	310.465	340.317	370.169
Eyjafjarðarsveit	194.504	213.206	231.909
Fjallabyggð	317.561	348.096	378.630
Grýtubakkahreppur	60.158	65.942	71.726
Hörgársveit	151.120	165.650	180.181
Langesbyggð	87.575	95.996	104.417
Norðurþing	486.583	533.370	580.156
Svalbarðsstrandarhreppur	83.382	91.399	99.417
Þingeyjarsveit	237.243	260.055	282.867

* Búið er að taka tillit til framlags Akureyrarbæjar vegna húsnæðis og þannig hefur upphæð framlags Akureyrarbæjar lækkað um 1.200.000 vegna húsnæðisframlags sem öll sveitarfélögin taka þátt í.